

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 561/2006

2008/EES/78/22

frá 15. mars 2006

um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85(*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 71. gr.,

- 1) Með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 frá 20. desember 1985 um samhæfingu tiltekinna löggjafara á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum⁽⁴⁾ var leitast við að samræma samkeppnisskilyrði milli flutningsmáta á landi, einkum að því er varðar flutninga á vegum, og að bæta vinnuskilyrði og umferðaröryggi. Standa skal vörð um og efla framþróun á þessu sviði.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

- 2) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB frá 11. mars 2002 um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum⁽⁵⁾ er þess krafist að aðildarríkin samþykki ráðstafanir til að takmarka vikulegan hámarksfjölda vinnutíma farstarfsmanna.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna⁽²⁾,

- 3) Reynst hefur erfitt að túlka, beita, framfylgja og hafa eftirlit með tilteknum ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 3820/85, sem varða reglur um akstur tíma, vinnuhlé og hvíldartíma ökumanna sem annast innanlands- og millilandaflutninga á vegum innan Bandalagsins, á samræmdan hátt í öllum aðildarríkjunum vegna þess hversu almennt orðalag viðkomandi ákvæða er.

að höfðu samráði við svæðanefndina,

- 4) Æskilegt er að framkvæmd þessara ákvæða sé skilvirk og samræmd til að unnt sé að ná markmiðum þeirra og koma í veg fyrir að ágreiningur verði um beitingu reglnanna. Því þarf að setja skýrari og einfaldari reglur sem flutningsaðilar á vegum og eftirlitsyfirvöld eiga auðveldara með að skilja, túlka og beita.

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽³⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 8. desember 2005,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 29.3.2007, p. 22.

(1) Stjtið. EB C 51 E, 26.2.2002, bls. 234.

(2) Stjtið. EB C 221, 17.9.2002, bls. 19.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 14. janúar 2003 (Stjtið. ESB C 38 E, 12.2.2004, bls. 152), sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. desember 2004 (Stjtið. ESB C 63 E, 15.3.2005, bls. 11) og álit Evrópuþingsins frá 13. apríl 2005 (Stjtið. ESB C 33 E, 9.2.2006, bls. 425). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 2. febrúar 2006 og ákvörðun ráðsins frá 2. febrúar 2006.

(4) Stjtið. EB L 370, 31.12.1985, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB (Stjtið. ESB L 226, 10.9.2003, bls. 4).

(5) Stjtið. EB L 80, 23.3.2002, bls. 35.

- 5) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð og varða starfsskilyrði, skulu ekki skerða rétt aðila vinnumarkaðarins til að setja ákvæði, með almennum kjarasamningum eða á annan hátt, sem eru hagstæðari launþegum.
- 6) Æskilegt er að kveða skýrt á um gildissvið þessarar reglugerðar með því að tilgreina helstu flokka ökutækja sem hún tekur til.
- 7) Þessi reglugerð gildir um flutninga á vegum sem fara annaðhvort eingöngu fram innan Bandalagsins eða milli Bandalagsins, Sviss og landanna sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.
- 8) Evrópusamningurinn um störf áhafna ökutækja sem annast alþjóðlega flutninga á vegum (AETR-samningurinn) frá 1. júlí 1970, með áorðnum breytingum, gildir áfram um alla akstursleiðina að því er varðar vöru- og farþegaflutninga á vegum með ökutækjum sem skráð eru í aðildarríki eða landi sem á aðild að AETR-samningnum, ef farið er milli Bandalagsins og þriðja lands, að Sviss undanskildu, og landanna sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða ef farið er um slíkt land. Mikilvægt er að breyta AETR-samningnum eins fljótt og auðið er, helst innan tveggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar, til að laga ákvæði hans að þessari reglugerð.
- 9) Ákvæði AETR-samningsins gilda, að því er varðar flutninga á vegum með ökutækjum sem eru skráð í þriðja landi sem er ekki aðili að AETR-samningnum, um þann hluta akstursleiðarinnar sem farinn er innan Bandalagsins eða innan landa sem eru aðilar að AETR-samningnum.
- 10) Þar eð efni AETR-samningsins fellur undir gildissvið reglugerðar þessarar heyrir réttur til að semja og leiða samninginn til lykta undir Bandalagið.
- 11) Ef breyting á innri reglum Bandalagsins á þessu sviði krefst samsvarandi breytingar á AETR-samningnum skulu aðildarríkin vinna saman að því að ná fram slíkri breytingu á AETR-samningnum, eins fljótt og auðið er, í samræmi við þá málmeðferð sem þar er mælt fyrir um.
- 12) Uppfæra skal skrá yfir undanþágur þannig að hún endurspegli þróun í flutningum á vegum á síðastliðnum 19 árum.
- 13) Öll lykilhugtök skulu skilgreind til hlítar til að auðvelda túlkun og tryggja að þessari reglugerð sé beitt á samræmdan hátt. Að auki skal kappkosta að innlend eftirlitsyfirvöld túlki og beiti þessari reglugerð á samræmdan hátt. Skilgreiningin á hugtakinu „vika“ í þessari reglugerð skal ekki koma í veg fyrir að ökumenn hefji vinnuviku sína á hvaða vikudegi sem er.
- 14) Til að tryggja skilvirka framkvæmd er mikilvægt að við vegaeftirlit, og að afloknu aðlögunartímabili, geti lögbær yfirvöld staðfest að farið hafi verið að reglum um aksturs- og hvíldartíma daginn sem eftirlitið fer fram og næstliðna 28 daga.
- 15) Nauðsynlegt er að skýra og einfalda grundvallarreglurnar um aksturstíma til að unnt sé að framfylgja þeim á skilvirkan og samræmdan hátt með hjálp stafræns ökurita, eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum⁽¹⁾ og þessari reglugerð. Enn fremur skulu eftirlitsyfirvöld aðildarríkis í fastanefnd leitast við að ná sameiginlegum skilningi á framkvæmd þessarar reglugerðar.
- 16) Með reglunum í reglugerð (EBE) nr. 3820/85 hefur reynst mögulegt að skipuleggja daglega aksturstíma og vinnuhlé þannig að ökumanni er gert kleift að aka of lengi án þess að fá tilhlýðilegt vinnuhlé sem leiðir til þess að umferðaröryggi minnkar og vinnuskilyrði ökumanns versna. Því er rétt að sjá til þess að vinnuhléum sé þannig skipt að komið sé í veg fyrir misnotkun.
- 17) Markmið þessarar reglugerðar er að bæta félagslegar aðstæður starfsmanna, sem reglugerðin tekur til, auk þess að auka almennt umferðaröryggi. Það næst einkum með ákvæðunum sem varða hámarksaksturstíma á dag, viku og á tveimur samfelldum vikum, ákvæðunum sem skylda ökumenn til að taka reglubundinn, vikulegan hvíldartíma, a.m.k. einu sinni á tveimur samfelldum vikum, og ákvæðunum þar sem mælt er fyrir um að daglegur hvíldartími megi ekki undir neinum kringumstæðum vera styttri en samfelldar níu klukkustundir. Þar eð þessi ákvæði tryggja viðunandi hvíld, og einnig með tilliti til reynslu af framkvæmd á síðastliðnum árum, er ekki lengur þörf á bótakerfi vegna styttri, daglegs hvíldartíma.
- 18) Á mörgum flutningaleiðum á vegum innan Bandalagsins er farið með ferjum eða járnbrautum hluta leiðarinnar. Því skal setja skýr og viðeigandi ákvæði um daglegan hvíldartíma og vinnuhlé í slíkum flutningum.
- 19) Með hliðsjón af auknum vöru- og farþegaflutningum yfir landamæri er æskilegt að eftirlit á vegum og athafnasvæðum fyrirtækja taki, með tilliti til umferðaröryggis og strangari framfylgd reglnanna, til aksturstíma, hvíldartíma og vinnuhléa í öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum og ganga úr skugga um að viðkomandi reglum hafi verið fylgt að öllu leyti og á viðeigandi hátt.

(1) Stjtið. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 432/2004 (Stjtið. ESB L 71, 10.3.2004, bls. 3).

- 20) Ábyrgð flutningafyrirtækja skal a.m.k. taka til flutningafyrirtækja sem eru lögaðilar eða einstaklingar og skal hún ekki útiloka málshöfðun gegn einstaklingum sem eru fremjendur, hvatamenn að eða vitorðsmenn í brotum gegn þessari reglugerð.
- 21) Nauðsynlegt er að öikumenn, sem vinna fyrir nokkur flutningafyrirtæki, veiti þessum fyrirtækjum viðeigandi upplýsingar til að gera þeim kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.
- 22) Í því skyni að stuðla að félagslegum framförum og bæta umferðaröryggi skal hvert aðildarríki halda rétti sínum til að samþykkja tiltekna viðeigandi ráðstafanir.
- 23) Innlendar undanþágur skulu endurspeglar breytingar á flutningum á vegum og takmarkast við þá þætti sem eru sem stendur ekki undir samkeppnisþrýstingi.
- 24) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um ökutæki sem eru notuð til reglubundinna farþegaflutninga ef ekin vegalengd er ekki lengri en 50 km. Þessar reglur skulu veita nægilega vernd með tilliti til leyfilegs aksturstíma og lögboðsins vinnuhlés og hvíldartíma.
- 25) Æskilegt er, með tilliti til skilvirkrar framkvæmdar, að haft sé eftirlit með reglubundnum farþegaflutningum innanlands og milli landa með notkun staðlaðs skráningarbúnaðar.
- 26) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á þessari reglugerð og tryggja að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot, letjandi og óhluðræg. Ef uppvíst verður um alvarleg brot skal sá möguleiki einnig vera fyrir hendi í aðildarríkjunum að kyrretja ökutækið. Ákvæði þessarar reglugerðar, er snerta viðurlög eða málsmeðferð, skulu ekki hafa áhrif á innlendar reglur um sönnunarbyrði.
- 27) Æskilegt er, í þágu skýrrar og skilvirkrar framfylgdar reglnanna, að samræma ákvæði um ábyrgð flutningafyrirtækja og öikumanna vegna brota gegn þessari reglugerð. Þessi ábyrgð getur varðað hegningarlög, einkamálarétt eða stjórnsýsluviðurlög, eftir því sem við á, í hverju aðildarríki.
- 28) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á skýrum, sameiginlegum reglum um aksturstíma, vinnuhlé og hvíldartíma, og auðveldara er að ná markmiðinu á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve nauðsynlegt er að samræma aðgerðir, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.
- 29) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 30) Þar eð mælt hefur verið fyrir um ákvæði að því er varðar lágmarksaldur öikumanna í tilskipun 2003/59/EB ⁽²⁾, sem á að lögleiða fyrir árið 2009, er þess einungis krafist að sett séu bráðabirgðaákvæði, að því er varðar lágmarksaldur áhafna, í þessari reglugerð.
- 31) Breyta skal reglugerð (EBE) nr. 3821/85 til að skýra sérstakar skyldur flutningafyrirtækja og öikumanna ásamt því að auka réttaröryggi og auðvelda framfylgd reglna um aksturs- og hvíldartíma við eftirlit á vegum.
- 32) Einnig skal breyta reglugerð (EBE) nr. 3821/85 til að tryggja réttaröryggi að því er varðar nýjar dagsetningar fyrir innleiðingu stafrænna ökurita og aðgang að öikumannskortum.
- 33) Innleiðing skráningarbúnaðar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2135/98, sem gerir kleift að skrá rafrænt starfsathafnir öikumanns á 28 daga tímabili á öikumannskort hans og akstur ökutækis á 365 daga tímabili, mun í framtíðinni stuðla að skjótara og víðtækara vegaeftirliti.
- 34) Samkvæmt tilskipun 88/599/EBE ⁽³⁾ takmarkast vegaeftirlit við daglegan aksturstíma, daglegan hvíldartíma og vinnuhlé. Við innleiðingu skráningarbúnaðar verða gögn um öikumann og ökutæki geymd með rafrænum hætti og unnt verður að meta þau rafrænt á staðnum. Með tímanum ætti þetta að einfalda eftirlit með reglubundnum og styttnum, daglegum hvíldartíma og með reglubundnum og styttnum, vikulegum hvíldartíma og viðbótarhvíld.

(1) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB frá 15. júlí 2003 um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun öikumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga, um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og tilskipun ráðsins 91/439/EBE og um að fella tilskipun ráðsins 76/914/EBE úr gildi (Stjtið. ESB L 226, 10.9.2003, bls. 4). Tilskipuninni var breytt með tilskipun ráðsins 2004/66/EB (Stjtið. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 35).

(3) Tilskipun ráðsins 88/599/EBE frá 23. nóvember 1988 um staðlaðar aðferðir við eftirlit með framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum og reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (Stjtið. EB L 325, 29.11.1988, bls. 55).

- 35) Reynslan sýnir að einungis er unnt að framfylgja ákvæðum þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar tilgreindan hámarksaksturstíma á tveggja vikna tímabili, ef komið er á skilvirku eftirliti við vegaeftirlit í tengslum við allt viðkomandi tímabili.
- 36) Beiting lagaákvæða er varða stafræna ökurita skulu vera í samræmi við þessa reglugerð til að ná fram hámarksárangri við eftirlit með og framfylgd tiltekinna félagslegra ákvæða er varða flutninga á vegum.
- 37) Til glöggvunar og hagræðingar skal reglugerð (EBE) nr. 3820/85 felld úr gildi og þessi reglugerð koma í hennar stað.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Með þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um aksturstíma, vinnuhlé og hvíldartíma ökumanna, sem stunda vöru- og farþegaflutninga á vegum, í því skyni að samræma samkeppnissskilyrði milli flutningsmáta á landi og skipgengum vatnaleiðum, einkum að því er varðar flutninga á vegum, og að bæta vinnuskilyrði og umferðaröryggi. Markmið þessarar reglugerðar er einnig að stuðla að auknu eftirliti og eftirfylgni í aðildarríkjunum svo og bættum starfsvenjum meðal flutningsaðila á vegum.

2. gr.

1. Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi flutninga á vegum:

- a) vöruflutninga þegar leyfilegur hámarksmassi ökutækisins, að meðtöldum eftirvögnum eða festivögnum, er meiri en 3,5 tonn eða
- b) farþegaflutninga með ökutækjum sem eru hönnuð eða varanlega útbúin til að flytja fleiri en níu farþega, að ökumanni meðtöldum, og eru ætluð til slíkra flutninga.

2. Þessi reglugerð gildir, án tillits til skráningarlands ökutækisins, um flutninga á vegum:

- a) eingöngu innan Bandalagsins eða
- b) milli Bandalagsins, Sviss og landanna sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

3. AETR-samningurinn gildir, í stað þessarar reglugerðar, um alþjóðlega flutninga á vegum, sem fara að hluta til fram utan þeirra svæða sem um getur í 2. mgr. með:

- a) ökutækjum sem eru skráð í Bandalaginu eða í löndum sem eru aðilar að AETR-samningnum, alla akstursleiðina,
- b) ökutækjum sem eru skráð í þriðja landi, sem er ekki aðili að AETR-samningnum, þó einungis þann hluta akstursleiðarinnar sem liggur um yfirráðasvæði Bandalagsins eða landa sem eru aðilar að AETR-samningnum. Ákvæði AETR-samningsins skal aðlaga ákvæðum þessarar reglugerðar þannig að helstu ákvæði hennar gildi, með stoð í AETR-samningnum, um slík ökutæki fyrir þann hluta akstursleiðarinnar sem liggur innan Bandalagsins.

3. gr.

Þessi reglugerð gildir ekki um flutninga á vegum með:

- a) ökutækjum sem eru notuð til reglubundinna farþegaflutninga svo fremi að akstursleiðin sé ekki lengri en 50 km,
- b) ökutækjum sem fara ekki yfir 40 km hámarkshraða á klukkustund,
- c) ökutækjum sem her, almannavarnir, slökkvilið og liðsafli, sem sér um að halda uppi allsherjarreglu, eiga eða leigja án ökumanns ef flutningarnir eru vegna verkefna þeirra og undir stjórn þeirra,
- d) ökutækjum sem notuð eru í neyðartilvikum eða við björgunarstörf, þ.m.t. ökutæki sem notuð eru við flutninga, ekki í atvinnuskyni, vegna hjálparstarfs,
- e) ökutækjum sem eru sérstaklega útbúin til að nota við læknisþjónustu,
- f) sérútbúnum dráttarþjónustum sem starfa innan við 100 km radiuss frá bækistöð sinni,
- g) ökutækjum sem er reynsluækið á vegum vegna tækniþróunar, viðgerða eða viðhalds og nýjum eða endurbyggðum ökutækjum sem enn hafa ekki verið tekin í notkun,
- h) ökutækjum eða samtengdum ökutækjum sem eru notuð til vöruflutninga, annarra en í atvinnuskyni, og þar sem leyfilegur hámarksmassi er ekki meiri en 7,5 tonn,
- i) ökutækjum sem eru atvinnuökutæki og eru skilgreind sem fornökutæki í samræmi við löggjöf viðkomandi aðildarríkis þar sem þau eru notuð til farþega- eða vöruflutninga sem ekki eru stundaðir í atvinnuskyni.

4. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „flutningar á vegum“: allur akstur ökutækja til farþega- eða vöruflutninga, með eða án farms, sem fer fram að hluta til eða að öllu leyti á vegum sem eru opnir almennri umferð,

b) „ökutæki“: vélknúið ökutæki, dráttarvél, eftirvagn eða festivagn eða samsetning þessara ökutækja svo sem hér segir:

— „vélknúið ökutæki“: sjálfknúið ökutæki til aksturs á vegum, þó ekki ökutæki sem rennur varanlega á spori, sem er að öllu jöfnu notað til vöru- eða farþegaflutninga,

— „dráttarvél“: sjálfknúið ökutæki til aksturs á vegum, þó ekki ökutæki sem rennur varanlega á spori, sem er sérstaklega hannað til að draga, ýta eða flytja eftirvagna, festivagna, áhöld eða vélar,

— „eftirvagn“: ökutæki sem er hannað til að tengjast vélknúnu ökutæki eða dráttarvél,

— „festivagn“: eftirvagn án framáss sem er tengdur með þeim hætti að verulegur hluti þunga hans og þunga farms hans hvíla á dráttarvélinni eða vélknúna ökutækinu,

c) „ökumaður“: hver sá sem ekur ökutækinu jafnvel þó það sé aðeins í stutta stund eða sá sem ferðast með ökutækinu til þess að aka því ef þörf krefur,

d) „vinnuhlé“: tími sem ökumanni er ekki heimilt að aka eða stunda aðra vinnu og hann skal nýta eingöngu til hvíldar,

e) „önnur vinna“: starfsemi sem er skilgreind sem vinnutími í a-lið 3. gr. tilskipunar 2002/15/EB, að undanskildum „akstri“, þ.m.t. vinna fyrir sama eða annan vinnuveitanda, innan eða utan flutningsgeirans,

f) „hvíld“: samfellt tímabil sem starfsmanni er frjálst að ráðstafa að eigin vild,

g) „daglegur hvíldartími“: tiltekinn tími á dag sem ökumanni er frjálst að ráðstafa að eigin vild og nær yfir „reglubundinn, daglegan hvíldartíma“ og „styttn, daglegan hvíldartíma“:

— „reglubundinn, daglegur hvíldartími“: hvíldartími sem er a.m.k. 11 klukkustundir. Að öðrum kosti er heimilt að skipta þessum reglubundna, daglega hvíldartíma í tvennt og skal fyrri hvíldartíminn vera samfellt tímabil, sem skal vara í a.m.k. 3 klukkustundir, og síðara tímabilið vara samfellt í a.m.k. níu klukkustundir,

— „reglubundinn, daglegur hvíldartími“: hvíldartími sem er a.m.k. níu klukkustundir en styttri en 11 klukkustundir,

h) „vikulegur hvíldartími“: tími á viku sem ökumanni er frjálst að ráðstafa að eigin vild og nær yfir „reglubundinn, vikulegan hvíldartíma“ og „styttn, vikulegan hvíldartíma“:

— „reglubundinn, vikulegur hvíldartími“: hvíldartími sem er a.m.k. 45 klukkustundir,

— „styttn, vikulegur hvíldartími“: hvíldartími sem varir skemur en 45 klukkustundir, sem má, með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 8. gr., stytta í 24 samfelldar klukkustundir hið minnsta,

i) „vika“: tímabilið frá kl. 00.00 á mánudegi til kl. 24.00 á sunnudegi,

j) „aksturstími“: sá tími sem er skráður sem akstur:

— sjálfvirkt eða hálf sjálfvirkt með skráningarbúnaði eins og hann er skilgreindur í I. viðauka og I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 eða

— handvirkt, eins og krafist er í 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85,

k) „daglegur aksturstími“: samanlagður aksturstími frá lokum daglegs hvíldartíma til upphafs næsta daglega hvíldartíma eða frá daglegum hvíldartíma til vikulegs hvíldartíma,

l) „vikulegur aksturstími“: samanlagður aksturstími á einni viku,

m) „leyfilegur hámarksmassi“: heimilaður hámarksrekstrar-massi fullfermds ökutækis,

n) „reglubundnir farþegaflutningar“: innanlands- og millilandaflutningar samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 684/92 frá 16. mars 1992 um setningu sameiginlegra reglna um farþegaflutninga milli landa með hópþifreiðum ⁽¹⁾,

o) „fjölmönnun“: þegar a.m.k. tveir ökumenn eru í ökutækinu til að aka því á hverju aksturstímabili milli tveggja samfelldra hvíldartíma eða milli daglegs hvíldartíma og vikulegs hvíldartíma. Við fjölmönnun er viðvera fleiri en eins ökumanns valfrjáls fyrstu klukkustundina en skyldubundin það sem eftir er tímabilsins,

(¹) Stjótið. EB L 74, 20.3.1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

- p) „flutningafyrirtæki“: einstaklingur, lögaðili, samtök eða hópur einstaklinga án réttarstöðu lögaðila, hvort sem viðskiptin eru stunduð í ábataskyni eða ekki, eða opinber stofnun sem hefur réttarstöðu lögaðila eða heyrir undir yfirvald með slíka réttarstöðu, sem stundar flutninga á vegum gegn gjaldi eða fyrir eigin reikning,
- q) „aksturstími“: samanlagður aksturstími frá því að ökumaður hefur akstur eftir að hvíldartíma eða vinnuhléi lýkur þar til hann fær annan hvíldartíma eða vinnuhlé. Aksturstíminn getur verið samfelldur eða rofinn.

II. KAFLI

ÁHAFNIR, AKSTURSTÍMI, VINNUHLÉ OG HVÍLDARTÍMI

5. gr.

- Lágmarksaldur umsjónarmanna (e. conductors) skal vera 18 ár.
- Lágmarksaldur aðstoðarmanna ökumanna (e. drivers' mates) skal vera 18 ár. Aðildarríkjunum er þó heimilt að lækka lágmarksaldur aðstoðarmanna ökumanna niður í 16 ár að því tilskildu að:
 - flutningarnir á vegum fari fram í einu aðildarríki innan við 50 km radiuss frá bækistöð ökutækisins, þ.m.t. á staðbundnum stjórnsýslusvæðum með miðstöðvar sínar innan þessa radiuss,
 - lækkunin sé gerð með starfsþjálfun í huga og
 - takmörkunum, sem settar eru með innlendum reglum aðildarríkis um atvinnumál, sé framfylgt.

6. gr.

- Daglegur aksturstími skal ekki vara lengur en í níu klukkustundir.
Þó er heimilt að lengja hann í allt að 10 klukkustundir en ekki oftar en tvisvar í viku.
- Vikulegur aksturstími skal ekki fara yfir 56 klukkustundir og ekki vera lengri en hámarksvinnutími á viku sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/15/EB.
- Heildaraksturstími á tveimur samfelldum vikum skal ekki fara yfir 90 klukkustundir.
- Daglegur og vikulegur aksturstími tekur til heildaraksturstíma á yfirráðasvæði Bandalagsins eða þriðja lands.

5. Ökumaður skal skrá þann tíma, sem notaður er eins og lýst er í e-lið 4. gr., ásamt þeim tíma sem hann notar til aksturs í atvinnuskyni og fellur ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar, sem „önnur vinna“ og skal hann skrá öll þau tímabil sem hann er tiltækur, eins og skilgreint er í c-lið 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, frá síðasta daglega eða vikulega hvíldartíma sínum. Þessar upplýsingar skal annaðhvort skrá handvirkt á ökuritaskífu, útprent eða með því að nota búnað til handvirkar innfærslu í skráningarbúnaðinn.

7. gr.

Ökumaður skal gera hlé á akstri í a.m.k. 45 mínútur samfelld eftir akstur í fjóra og hálf klukkustund nema hann taki sér hvíldartíma.

Í stað þessa hlés má ökumaður taka a.m.k. 15 mínútna hlé og síðan hlé í a.m.k. 30 mínútur sem má dreifa yfir tímabilið í samræmi við ákvæði 1. mgr.

8. gr.

- Ökumaður skal fá daglegan og vikulegan hvíldartíma.
- Ökumaður skal fá nýjan daglegan hvíldartíma innan sólarhrings frá lokum síðasta daglegs eða vikulegs hvíldartíma. Ef hluti daglegs hvíldartíma á sólarhring er a.m.k. níu klukkustundir en styttri en 11 klukkustundir skal líta á hvíldartímamann sem styttn daglegan hvíldartíma.
- Daglegan hvíldartíma má lengja til að unnt sé að ná reglubundnum, vikulegum hvíldartíma eða styttnum, vikulegum hvíldartíma.
- Ökumaður má í mesta lagi fá þrisvar sinnum styttn daglegan hvíldartíma milli tveggja vikulegra hvíldartíma.
- Þrátt fyrir 2. mgr. skal ökumaður í fjölmönnun taka nýjan, daglegan hvíldartíma, sem er a.m.k. níu klukkustundir, innan 30 klukkustunda frá lokum síðasta daglegs eða vikulegs hvíldartíma.
- Á tveimur samfelldum vikum skal ökumaður fá a.m.k.:
 - tvisvar sinnum vikulegan hvíldartíma eða
 - einn reglubundinn, vikulegan hvíldartíma og einn styttn, vikulegan hvíldartíma sem skal vara í a.m.k. sólarhring. Slíka styttingu skal þó bæta upp með samsvarandi samfelldum hvíldartíma innan þriggja vikna frá lokum þeirrar viku þegar hvíldartímamann var styttn. Vikulegur hvíldartími skal hefjast eigi síðar en sex sólarhringum frá lokum síðasta vikulega hvíldartíma.

7. Hvíld sem kemur í stað stytts, vikulegs hvíldartíma skal bætast við annan hvíldartíma sem er a.m.k. 9 klukkustundir.

8. Ef ökumaður ákveður að haga hvíldartímanum á þennan hátt er heimilt að taka daglega hvíldartíma og stytta vikulega hvíldartíma fjarri bækistöðvum í ökutæki ef þar er viðnandi svefnaðstaða fyrir hvern ökumann og ökutækið er kyrrstætt.

9. Vikulegur hvíldartími sem er á mörkum tveggja vikna má telja til annarrar hvorrar vikunnar en ekki til beggja.

9. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er heimilt að rjúfa reglubundinn, daglegan hvíldartíma fylgi ökumaður ökutæki um borð í ferju eða lest, þó ekki oftari en tvisvar vegna annarrar starfsemi og ekki lengur en í eina klukkustund í heild. Meðan á reglubundnum, daglegum hvíldartíma stendur skal ökumaðurinn hafa aðgang að koju eða svefnplássi.

2. Tími, sem ökumaður ökutækis notar til þess að komast til og frá ökutæki sem staðsett er annars staðar en við heimili hans eða bækistöð vinnuveitandans þar sem ökumaðurinn hefur að jafnaði aðsetur, skal ekki teljast til hvíldar eða hlés nema ökumaðurinn ferðist með ferju eða lest og hafi aðgang að koju eða svefnplássi.

3. Sá tími sem ökumaður ver til að aka ökutæki, sem fellur ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar, til eða frá ökutæki, sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, og sem er ekki við heimili ökumannsins eða bækistöð vinnuveitandans þar sem ökumaðurinn hefur að jafnaði aðsetur, skal teljast til annarrar vinnu.

III. KAFLI

ÁBYRGÐ FLUTNINGAFYRIRTÆKJA

10. gr.

1. Flutningafyrirtæki skal ekki láta ökumönnum, sem eru í vinnu hjá þeim eða er í þjónustu þeirra, í té greiðslu, hvorki í formi aukagreiðslna né launauppbótar, sem tengist ekinni vegalengd og/eða magni fluttrar vöru ef slík greiðsla getur ógnað umferðaröryggi og/eða hvatt til brota á þessari reglugerð.

2. Flutningafyrirtæki skal skipuleggja vinnu ökumanna, sem um getur í 1. mgr., þannig að þeim sé gert kleift að fara að reglugerð (EBE) nr. 3821/85 og ákvæðum II. kafla þessarar reglugerðar. Flutningafyrirtækið skal gefa ökumanninum nauðsynlegar leiðbeiningar og stunda reglulegt eftirlit til að tryggja að farið sé að reglugerð (EBE) nr. 3821/85 og ákvæðum II. kafla þessarar reglugerðar.

3. Flutningafyrirtæki skal bera ábyrgð á brotum ökumanna fyrirtækisins jafnvel þótt brotið hafi verið framið á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða þriðja lands.

Með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að láta flutningafyrirtæki bera fulla ábyrgð er aðildarríkjunum heimilt að binda ábyrgð fyrirtækisins við brot á 1. og 2. mgr. Aðildarríkjum er heimilt að taka tillit til allra hugsanlegra sannana um að ekki sé unnt, með réttmætum hætti, að draga flutningafyrirtækið til ábyrgðar fyrir brotið.

4. Fyrirtæki, sendendur, vöruflutningsaðilar, ferðasalar, aðalverktakar, undirverktakar og vinnumiðlanir ökumanna skulu sjá til þess að samningsbundnar tímaáætlanir flutninga séu í samræmi við þessa reglugerð.

5. a) Flutningafyrirtæki, sem notar ökutæki sem búin eru skráningarbúnaði í samræmi við I. viðauka B við reglugerð EBE nr. 3821/85 og falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, skal sjá til þess:

i) að öll gögn séu flutt niður af skráningarhluta ökurita og af ökumannskorti eins reglulega og aðildarríkin mæla fyrir um og að viðeigandi gögn séu niðurflutt oftari til að tryggja að öll gögn séu fyrir hendi sem varða starfsemi fyrirtækisins eða annarra í þess þjónustu,

ii) að öll gögn, sem eru flutt niður af skráningarhluta ökurita og af ökumannskorti, séu geymd í a.m.k. 12 mánuði eftir skráningu og að slík gögn séu aðgengileg, með beinum aðgangi eða fjaraðgangi, á bækistöð fyrirtækisins krefjist eftirlitsmaður þess að fá að skoða þau,

b) að því er þessa málsgrein varðar skal hugtakið „niðurflutningur gagna“ túlkað í samræmi við skilgreininguna sem mælt er fyrir um í s-lið I. kafla I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85,

c) framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 24. gr., ákvarða hámarksfrest fyrir niðurflutning viðkomandi gagna skv. i-lið a-liðar

IV. KAFLI

UNDANÞÁGUR

11. gr.

Aðildarríki er heimilt að hafa lengri lágmarksvinnuhlé og -hvíldartíma eða styttri hámarksaksturstíma en mælt er fyrir um í 6.–9. gr. ef flutningar á vegum fara að öllu leyti fram innan yfirráðasvæðis þess. Ef það er gert skulu aðildarríkin hafa hliðsjón af viðeigandi kjarasamningum eða öðrum samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Engu að síður gildir þessi reglugerð áfram um ökumenn sem stunda millilandaflutninga.

12. gr.

Ökumanni er heimilt að víkja frá ákvæðum 6.–9. gr., að því tilskildu að umferðaröryggi sé ekki teflt í tvísýnu, þurfi hann að ná hentugum áfangastað enda sé það nauðsynlegt til að tryggja öryggi fólks, ökutækis eða farms þess. Ökumaðurinn skal tilgreina ástæðu slíkra frávíka handvirkt á ökuritaskífu skráningarbúnaðarins eða á útprent skráningarbúnaðarins eða á vaktaskrá, í síðasta lagi við komu á hentuga áfangastaðinn.

13. gr.

1. Hverju aðildarríki er heimilt, á sínu eigin yfirlýðingum eða á yfirlýðingum annars aðildarríkis, að fengnu samþykki hlutaðeigandi aðildarríkja, að veita undanþágur frá ákvæðum 5.–9. gr. og binda slíkar undanþágur sérstökum skilyrðum, að því tilskildu að það hafi ekki áhrif á markmiðin sem sett eru fram í 1. gr. og skulu þær gilda um flutninga með:

- a) ökutækjum sem opinber yfirvöld eiga eða leigja, án ökumanns, til flutninga á vegum og eru ekki í samkeppni við einkarekin flutningafyrirtæki,
- b) ökutækjum sem fyrirtæki á sviði landbúnaðar, garðyrkju, skógræktar, eldis eða fiskvinnslu nota eða leigja, án ökumanns, til vöruflutninga í tengslum við eigin rekstur innan við 100 km radiuss frá bækistöð fyrirtækisins,
- c) landbúnaðardráttarvélum og skógræktardráttarvélum sem notaðar eru í landbúnaði eða skógrækt innan við 100 km radiuss frá bækistöð fyrirtækisins sem á eða leigir ökutækið, til lengri eða skemtri tíma,
- d) ökutækjum eða samtengdum ökutækjum þegar leyfilegur heildarmassi er ekki meiri en 7,5 tonn sem:

— veitendur alþjónustu nota, eins og þeir eru skilgreindir í 13. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar Bandalagsins á sviði pósthjónustu og umbætur á þeirri þjónustu⁽¹⁾, til að afgreiða sendingar sem hluta af alþjónustu eða

— eru notuð til að flytja efni, búnað eða vélar sem ökumaður notar við vinnu sína.

Þessi ökutæki skal einungis nota innan við 50 km radiuss frá bækistöð fyrirtækisins og með þeim skilyrðum að akstur ökutækisins sé ekki aðalstarf ökumannsins,

- e) ökutækjum sem eingöngu eru notuð á eyjum, sem ekki eru stærri en 2300 ferkílómetrar, og tengjast ekki meginlandinu með brú, vaði eða göngum sem eru opin fyrir umferð vélknúinna ökutækja,
- f) ökutækjum sem eru notuð til vöruflutninga innan 50 km radiuss frá bækistöð fyrirtækisins og knúin eru jarðgasi eða fljótandi gasi eða rafmagni og leyfilegur hámarksmassi þeirra er 7,5 tonn, að meðtöldum massa eftirvagns eða festivagns,
- g) ökutækjum sem notuð eru til ökukennslu og í ökuþrófi í því skyni að afla ökuskráreignis eða starfshæfnivottorðs að því tilskildu að ökutækin séu ekki notuð til vöru- eða farþegaflutninga í atvinnuskyni,
- h) ökutækjum sem eru notuð í tengslum við fráveitur, flóðavarnir, viðhaldsþjónustu vegna vatns-, gas- og rafmagnsveitu, viðhald á vegum og eftirlit, sorphirðu og -hreinsun að húsdýrum, símskeyta- og símaþjónustu, útvarps- og sjónvarpsútsendingar og við að miða út útvarps- eða sjónvarpsþenda eða móttökutæki,
- i) ökutækjum með 10-17 sætum, eingöngu notuð til farþegaflutninga sem ekki eru í atvinnuskyni,
- j) sérhæfðum ökutækjum til flutninga á búnaði fyrir fjölleikahús og skemmtigarða,
- k) sérstaklega útbúnum ökutækjum vegna farandverkefna sem eru einkum notuð sem kennsluástaða þegar þau eru kyrrstæð,
- l) ökutækjum sem eru notuð til að safna mjólk frá búum og flytja til baka mjólkurilát eða mjólkurafurðir til dýraeldis,
- m) sérhæfðum ökutækjum til flutninga á peningum og/eða verðmætum,
- n) ökutækjum sem eru notuð til að flytja dýraúrgang eða -hræ sem ekki eru ætluð til manneldis,
- o) ökutækjum sem eru eingöngu notuð innan tengistöðva, s.s. í höfnum, millihöfnum og jarnbrautarstöðvum,
- p) ökutækjum sem notuð eru til að flytja lifandi dýr frá búum til staðbundinna markaða og til baka eða frá mörkuðum til staðbundinna sláturhúsa innan 50 km radiuss.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um undanþágur, sem veittar eru skv. 1. mgr., og skal framkvæmdastjórnin tilkynna hinum aðildarríkjum um það.

⁽¹⁾ Stjóttíð. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjóttíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

3. Aðildarríki er heimilt, að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar, að því tilskildu að það raski ekki þeim markmiðum sem sett eru fram í 1. mgr. og öikumenn njóti nægilegrar verndar, að veita ökutækjum, sem notuð eru innan fyrir fram afmarkaðra svæða þar sem búa færri en fimm íbúar á ferkílómetra, minni háttar undanþágur á eigin yfirráðasvæði frá þessari reglugerð í eftirtöldum tilvikum:

— í reglubundnum farþegaflutningum innanlands ef yfirvöld staðfesta akstursáætlun þeirra (en þá er einungis heimilt að veita undanþágur er varða vinnuhlé) og

— í farmflutningum á vegum innanlands, fyrir eigin reikning eða gegn gjaldi, sem ekki hafa áhrif á innri markaðinn og eru nauðsynlegir til að unnt sé að starfrækja tilteknar atvinnugreinar á viðkomandi yfirráðasvæði og þegar kveðið er á um í undanþáguákvæðum þessarar reglugerðar að radiús skuli vera allt að 100 km.

Flutningar á vegum, sem þessi undanþága tekur til, mega eingöngu taka til aksturs inn á svæði þar sem búa fimm eða fleiri íbúar á ferkílómetra, að því tilskildu að ferðin hefjist eða endi þar. Eðli og umfang slíkra ráðstafana skal vera í réttu hlutfalli við markmiðið.

14. gr.

1. Hverju aðildarríki er heimilt, að fengnu leyfi framkvæmdastjórnarinnar, að veita flutningastarfsemi undanþágur frá beitingu 6.–9. gr., í undantekningartilvikum, að því tilskildu að það hafi ekki áhrif á markmiðin sem sett eru fram í 1. gr.

2. Í brýnum tilvikum er aðildarríkjunum heimilt að veita tímabundna undanþágu til allt að 30 daga og skal tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um þær.

3. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um undanþágur sem veittar eru samkvæmt þessari grein.

15. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að öikumenn ökutækja, sem um getur í a-lið 3. gr., heyri undir innlendar reglur sem veita nægilega vernd með tilliti til leyfilegs aksturstíma og lögboðsins vinnuhlés og hvíldartíma.

V. KAFLI

EFTIRLITSADFERÐIR OG VIÐURLÖG

16. gr.

1. Ef ekki hefur verið settur upp skráningarbúnaður í ökutækia í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 gilda 2. og 3. mgr. þessarar greinar um:

a) reglubundna farþegaflutninga innanlands og

b) reglubundna farþegaflutninga milli landa þar sem endastöðvar eru innan við 50 km í beinni línu frá landamærum tveggja aðildarríkja og samanlögð vegalengd fer ekki yfir 100 km.

2. Flutningafyrirtækið skal semja tímaáætlun og vaktaskrá þar sem tilgreina skal fyrir hvern öikumann nafn hans, bækistöð og fyrirframákveðna tímaáætlun fyrir mismunandi aksturstímabil, aðra vinnu, vinnuhlé og tiltækileika öikumanns. Hver öikumaður, sem starfar við flutninga, sem um getur í 1. mgr., skal hafa undir höndum útdrátt úr vaktaskránni og afrit af tímaáætluninni.

3. Vaktaskráin skal:

a) hafa að geyma allar upplýsingar, sem tilgreindar eru í 2. mgr., sem taka til a.m.k. næstliðinna 28 daga og skal uppfæra þessar upplýsingar reglulega, a.m.k. einu sinni í mánuði,

b) undirrituð af yfirmanni flutningafyrirtækisins eða fulltrúa hans,

c) vera í vörslu flutningafyrirtækisins í eitt ár eftir að tímabilið, sem hún tekur til, rennur út. Flutningafyrirtækið skal láta viðkomandi öikumönnum, sem þess æskja, í té afrit af vaktaskránni og

d) sýnd og afhent að beiðni viðurkennds eftirlitsmanns.

17. gr.

1. Aðildarríkin skulu nota staðlaða eyðublaðið, sem sett er fram í tilskipun 93/173/EBE⁽¹⁾, til að senda framkvæmdastjórninni þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að hún geti, á tveggja ára fresti, tekið saman skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar og reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 og um þróun á viðkomandi sviðum.

2. Þessar upplýsingar skulu berast framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30. september eftir að tveggja ára tímabilinu, sem skýrslan tekur til, lýkur.

3. Í skýrslunni skal tilgreina hvernig undanþágunum, sem kveðið er á um í 13. gr., hefur verið beitt.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda skýrsluna til Evrópuþingsins og ráðsins innan 13 mánaða frá lokum tveggja ára tímabilsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 72, 25.3.1993, bls. 33.

18. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð.

19. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og reglugerð (EBE) nr. 3821/85 og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé hrundið í framkvæmd. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot, letjandi og án mismununar. Ekki skal beita viðurlögum eða hefja málsmeðferð oftar en einu sinni vegna brots á þessari reglugerð og reglugerð (EBE) nr. 3821/85. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir og reglur um viðurlög eigi síðar en þann dag sem tilgreindur er í annarri undirgrein 29. gr. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um það.

2. Aðildarríki skal gera lögbærum yfirvöldum kleift að beita flutningafyrirtæki og/eða ökumann viðurlögum við broti gegn ákvæðum þessarar reglugerðar ef það verður uppvíst á yfirráðasvæði þess og viðurlögum hefur ekki verið beitt við brotinu, jafnvel þótt brotið hafi verið framið á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða þriðja lands.

Í undantekningartilvikum, ef uppvíst verður um brot:

— sem ekki var framið á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis og

— sem fyrirtæki, með staðfestu í öðru aðildarríki eða þriðja landi eða ökumaður, sem starfar í öðru aðildarríki eða þriðja landi, fremur,

er aðildarríki heimilt, til 1. janúar 2009, að veita lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu eða þriðja landinu, þar sem fyrirtækið hefur staðfestu eða þar sem ökumaðurinn starfar, upplýsingar um brotið í stað þess að beita viðurlögum.

3. Ef aðildarríki hefur málsmeðferð eða beitir viðurlögum við tilteknu broti skal það láta ökumanninum í té skriflegar sannanir um það.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrirkomulag, þar sem viðurlög eru í réttu hlutfalli við brotið sem geta tekið til fjárhagslegra viðurlaga, gildi um brot fyrirtækja eða tengdra sendenda, vöruflutningsaðila, ferðasala, aðalverktaka, undirverktaka og vinnumiðlana ökumanna á ákvæðum þessarar reglugerðar eða reglugerðar (EBE) nr. 3821/85.

20. gr.

1. Ökumaðurinn skal geyma sannanir frá aðildarríki varðandi viðurlög sem hefur verið beitt eða upphaf málsmeðferðar þar til sams konar brot á ákvæðum þessarar reglugerðar getur ekki lengur leitt til annarrar málsmeðferðar eða frekari viðurlaga samkvæmt þessari reglugerð.

2. Ökumaðurinn skal framvísa sönnunum, sem um getur í 1. mgr., sé þess óskað.

3. Ökumaður, sem starfar fyrir eða er í þjónustu fleiri en eins flutningafyrirtækis, skal veita hverju fyrirtæki nægar upplýsingar til að það geti farið að ákvæðum II. kafla.

21. gr.

Ef aðildarríki telur að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar á þann hátt að það geti augljóslega ógnað umferðaröryggi, skal það veita viðeigandi, lögbæru yfirvaldi umboð til að kyrrsetja viðkomandi ökutæki þar til ráðin hefur verið bót á orsökum brotsins. Aðildarríkjunum er heimilt að skylda ökumanninn til að taka daglegan hvíldartíma. Aðildarríkin skulu einnig, eftir því sem við á, afturkalla, ógilda tímabundið eða takmarka starfsleyfi fyrirtækis ef fyrirtækið hefur staðfestu í viðkomandi aðildarríki, eða afturkalla, ógilda tímabundið eða takmarka ökuskírteini ökumanns. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 24. gr., semja viðmiðunarreglur með það í huga að stuðla að samhæfðri beitingu þessarar greinar.

22. gr.

1. Aðildarríkin skulu veita hvert öðru aðstoð við beitingu þessarar reglugerðar og eftirlit með því hvort henni sé fylgt.

2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjana skulu skiptast reglulega á öllum upplýsingum sem liggja fyrir um:

a) brot á reglunum í II. kafla sem einstaklingar, sem eru ekki búsettir í hlutaðeigandi ríki, fremja, og viðurlög sem eru við slíkum brotum,

b) viðurlög sem aðildarríki beitir gagnvart einstaklingum, sem eru búsettir í viðkomandi ríki, fyrir slík brot sem framin voru í öðrum aðildarríkjum.

3. Aðildarríkin skulu reglulega senda viðeigandi upplýsingar, varðandi innlenda túlkun og beitingu þessarar reglugerðar, til framkvæmdastjórnarinnar sem veitir öðrum aðildarríkjum aðgang að þessum upplýsingum á rafrænu formi.

4. Framkvæmdastjórnin skal efla skoðanaskipti milli aðildarríkjana, að því er varðar innlenda túlkun og beitingu þessarar reglugerðar, fyrir milligöngu nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 24. gr.

23. gr.

Bandalagið skal hefja samningaviðræður við þriðju lönd sem kunna að vera nauðsynlegar að því varðar framkvæmd þessarar reglugerðar.

24. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

25. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði:

a) rannsaka tilvik þar sem ákvæðum þessarar reglugerðar er beitt og fylgt á mismunandi hátt, einkum að því er varðar aksturstíma, vinnuhlé og hvíldartíma,

b) skýra ákvæði þessarar reglugerðar í því skyni að stuðla að sameiginlegri stefnu.

2. Í þeim tilvikum, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun um stefnu, sem mælt er með, í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu, ráðinu og aðildarríkjunum um ákvörðun sína.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

26. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 3821/85 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 2. gr.:

„2. gr.

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar, sem settar eru fram í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 (*).

(* Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1“,

2. Eftirfarandi komi í stað 1., 2. og 3. mgr. 3. gr.:

„1. Skráningarbúnaður skal settur upp og notaður í ökutækjum, sem eru skráð í aðildarríki og notuð til farþega- eða vöruflutninga á vegum, að undanskildum þeim ökutækjum sem um getur í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006. Ökutæki, sem um getur í 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006 og ökutæki, sem voru undanþegin gildissviði beitingar á reglugerð (EBE) nr. 3820/85 en eru ekki lengur undanþegin samkvæmt reglugerð (EB) nr. 561/2006, skulu uppfylla þessa kröfu eigi síðar en 31. desember 2007.

2. Aðildarríkjum er heimilt að veita ökutækjum, sem um getur í 1. og 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006, undanþágu frá beitingu þessarar reglugerðar.

3. Aðildarríkjunum er heimilt, að fengnu leyfi Bandalagsins, að veita ökutækjum, sem notuð eru í flutningastarfsemi sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006, undanþágu frá beitingu þessarar reglugerðar.“

3. Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 14. gr.:

„2. Fyrirtækið skal varðveita ökuritaskífur og útprent, þegar útprent er gert í samræmi við 1. mgr. 15. gr., í tímaröð og á læsilegan hátt í a.m.k. ár eftir að ökuritaskífurnar og útprentið hefur verið notað og skal það láta hlutaðeigandi ökumönnum í té afrit æski þeir þess. Fyrirtækið skal einnig láta viðkomandi ökumönnum í té afrit af gögnum sem hafa verið flutt niður af ökumannskortunum, ásamt útprentuðum afritum, æski þeir þess. Ökuritaskífum, útprenti og niðurfluttum gögnum skal framvísað eða þau afhent að beiðni viðurkennds eftirlitsmanns.“

4. Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

— við 1. mgr. bætist eftirfarandi undirgrein:

„Ef ökumannskort skemmist, er í ólagi eða ef ökumaður hefur það ekki undir höndum, skal ökumaðurinn:

a) í upphafi ferðar, prenta út upplýsingar um ökutækið, sem hann ekur, og á útprentið skal hann skrá:

i) upplýsingar sem gerir kleift að bera kennsl á ökumanninn (nafn, númer ökumannskorts eða ökuskírteinis), þ.m.t. undirskrift hans,

ii) tímabilin sem um getur í b-, c- og d-lið annars undirliðar 3. mgr.,

b) við lok ferðar, prenta út upplýsingar um tímabil sem skráningarbúnaðurinn skráði, skrá tíma sem fór í aðra vinnu, tiltækileika og hvíld, sem tekin var eftir að útprentið var gert í upphafi ferðar, ef ökuritinn skráir hann ekki, og skrá upplýsingar á skjalið sem gera kleift að bera kennsl á ökumanninn (nafn, númer ökumannskorts eða ökuskírteinis), þ.m.t. undirskrift ökumannsins.“



— eftirfarandi komi í stað undirgreinar 2. mgr.:

„Þegar ökumaður yfirgefur ökutækið og getur þess vegna ekki notað uppsettan búnað í ökutækinu skulu tímabilin sem um getur í b-, c- og d-lið annars undirliðar 3. mgr.:

- a) ef ökutækið er búið skráningarbúnaði í samræmi við I. viðauka, skráð á ökuritaskífuna, annaðhvort handvirkt, með sjálfvirkri skráningu eða með öðrum hætti, á læsilegan hátt og án þess að skífan sé óhreinkuð eða
- b) ef ökutækið er búið skráningarbúnaði í samræmi við I. viðauka B, skráð á ökumannskortið með því að nota handvirkan færslubúnað í skráningarbúnaðinum.

Ef fleiri en einn ökumaður er um borð í ökutækinu, sem búið er skráningarbúnaði í samræmi við I. viðauka B, skal hver ökumaður sjá til þess að viðkomandi ökumannskort sé sett í rétta rauf ökuritans.“

— eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar 3. mgr.:

- „b) „önnur vinna“: önnur starfsemi en akstur, eins og skilgreint er í a-lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB frá 11. mars 2002 um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum (*), ásamt vinnu fyrir sama vinnuveitanda eða annan vinnuveitanda innan eða utan flutningsgeirans, og skal skrá hana með þessu merki ,
- c) „tiltækileika“, eins og hann er skilgreindur í b-lið 3. gr. tilskipunar 2002/15/EB, skal skrá með þessu merki .

(*) Stjtið. EB L 80, 23.3.2002, bls. 35.“

— öll 4. mgr. falli brott,

— eftirfarandi komi í stað 7. mgr.:

„7. a) Ef ökumaður ekur ökutæki sem búið er skráningarbúnaði, í samræmi við I. viðauka, verður ökumaður að geta framvísað, ef eftirlitsmaður æskir þess:

- i) ökuritaskífum fyrir yfirstandandi viku og þær sem ökumaðurinn notaði næstliðna 15 daga,

ii) ökumannskortinu sé hann handhafi slíks korts og

iii) handskrifuðum skráningum og útprentum yfirstandandi viku og næstliðinna 15 daga eins og krafist er samkvæmt þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 561/2006.

Eftir 1. janúar 2008 skulu tímabilin, sem um getur í i- og iii-lið, ná yfir yfirstandandi dag og næstliðna 28 daga.

b) Ef ökumaður ekur ökutæki, sem búið er skráningarbúnaði í samræmi við I. viðauka B, verður ökumaður að geta framvísað, ef eftirlitsmaður æskir þess:

i) ökumannskorti sínu,

ii) handskrifuðum skráningum og útprentum yfirstandandi viku og næstliðinna 15 daga eins og krafist er samkvæmt þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 561/2006 og

iii) ökuritaskífunum frá því tímabili, sem um getur í fyrsta undirlið undirgreinarinnar hér að framan, hafi hann á því tímabili ekið ökutæki með skráningarbúnaði í samræmi við I. viðauka.

Eftir 1. janúar 2008 skulu tímabilin, sem um getur í ii-lið, ná yfir yfirstandandi dag og næstliðna 28 daga.

c) Viðurkenndur eftirlitsmaður getur haft eftirlit með því að ákvæði reglugerðar (EB) nr. 561/2006 séu haldin með því að skoða ökuritaskífurnar, gögnin á skjá eða í útprenti úr skráningarbúnaðinum eða af ökumannskortinu eða, verði því ekki komið við, með því að skoða önnur fylgiskjöl sem renna stöðum undir að ekki sé farið að tilteknu ákvæði, t.d. ákvæði sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 16. gr.“

27. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2135/98 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað a-liðar 1. mgr. 2. gr.:

„1. a) Frá og með tuttugasta degi eftir birtingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 (*) skulu ökutæki, sem tekin eru í notkun í fyrsta sinn, búið skráningarbúnaði í samræmi við kröfur í I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85.

(*) Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1“

2. Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 2. gr.:

„2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau geti gefið út ökumannskort eigi síðar en á tuttugasta degi eftir birtingu reglugerðar (EB) nr. 561/2006.“

28. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 3820/85 er hér með felld úr gildi og kemur þessi reglugerð í hennar stað.

Ákvæði 1., 2. og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 gilda þó áfram til þeirra daga sem tilgreindir eru í 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2003/59/EB.

29. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 11. apríl 2007 að frátaldri 10. gr. (5. mgr.), 26. gr. (3. og 4. mgr.) og 27. gr. sem öðlast gildi 1. maí 2006.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 15. mars 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

H. WINKLER

forseti.